

REGLUGJÖRÐ

um

40
22. apríl**breyting á reglugjörð um eyðing refa í Mýrasýslu, frá 2. júní 1921.**

Á eftir orðunum í 10. gr. „og söluhæfir eru“ bætist: Sama gjald greiði hann og fyrir hvern ref, er hann selur lifandi.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. maí þ. á.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

fyrir

41
9. maí**húsmæðraskóla á Staðarfelli í Dalasýslu.****1. gr.**

Það er markmið skólans að veita stúlkum verklega og bóklega fræðslu í störfum þeim, sem íslensk húsmóðir þarf að kunna, skerpa skilning þeirra á því, hve þýðingarmikið gott heimili er, og vekja áhuga þeirra og virðingu fyrir allri nýtsamri vinnu.

2. gr.

Námstími skólans er 9½ mánuður. Telst skólaárið frá 15. september til júníloka. Skólanum er skylt að taka á móti að minsta kosti 10 nemendum til vistar og kenslu, nema ófyrirsjáanleg forföll banni. Skal hann starfa í sambandi við vel ræktan búskap og vera sniðinn eftir fyrirmyndar sveitaheimili. Nemendur skulu taka þátt í öllum heimilisverkum, sem þýðingu hafa fyrir verklegt nám þeirra.